

MÁLFRÆÐIBÓK

2. HEFTI

1. Yfirlit

Í þessari bók lærir þú um nafnorð, lýsingarorð, töluorð, persónufornöfn, sagnorð og forsetningar.

Nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn og töluorð eru fallorð. Sagnorð og forsetningar stjórna falli fallorðanna.



Sagnorð	Fallorð	Smáorð	
Sagnorð tíðbeygjast. Þau eru í nútíð eða þátíð. Sagnorð beygjast í persónum.	Fallorð fallbeygjast. Þau eru í nefnifalli, þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.	Smáorð beygjast ekki.	
sagnorð (so.) borða, hlaupa, tala	nafnorð (no.) 1. samnöfn strákur, sumar, bók 2. sérnöfn Esja, Guðrún, Stefán	atviksorð (ao.) ekki, þarna, núna, rosalega	
	lýsingarorð (lo.) glaður, gulur, ungur	forsetningar (fs.) undir, til, í	
	töluorð (to.) 1. frumtölur einn, tveir, þrír, fjórir 2. raðtölur fyrsti, annar, tuttugasti	samtengingar (st.) og, eða, þegar	
	fornöfn (fn.) 1. persónufornöfn (pfn.) ég, þú, hann, við, þið, þeir	nafnháttarmerki (nhm.) að	
	2. eignarfornöfn (efn.) minn, þinn, sinn 3. óákveðin fornöfn (ófn.) einhver, enginn, allir 4. ábendingarfornöfn (áfn.) þessi, sá 5. afturbeygt fornafn (afn.) sig 6. spurnarfornöfn (sfn.) hver, hvað	upphrópanir (uh.) vái! uss!	
			VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI KENNARAÉINTAK

2. Orðflokkar, kyn, tala og fall

Orðflokkar

Í 1. hefti lærðir þú um:

Nafnorð

bakari peysa borð haust

Lýsingarorð

góður fallegur hvítur

Töluorð

einn tuttugu hundrað og þrjú

Sagnorð

borða dansa brosa

Nafnorð sem eru heiti á hlutum og fyrirbærum eru **samnöfn**.

Á samnöfn er alltaf hægt að setja ákveðinn greini.

Nöfn á fólki, dýrum, borgum og löndum eru **sérnöfn**.

Nafnorð (no.)

1. hefti
bls. 2

Nafnorð eru heiti á hlutum sem hægt er að snerta og telja eins og **tölva, hús og bók**.

Nafnorð eru líka orð um eitthvað sem ekki er hægt að snerta eins og **draumur, tími, ár og sólskin**.



Skrifaðu nafnorðin á línurnar.



Bókin

mín er gul.



minn er góður.



minn er svartur.



mín er flott.



mitt er fallegt.



mín er of lítil.



mín er hlý.



mitt er mjúkt.



Skrifaðu sérnöfn á línurnar.

Ég er frá _____

Sérnöfn eru alltaf skrifuð með stórum staf.

Ég heiti _____

Ég á heima _____



1. hefti
5. kafli

Í hvaða kyni, tölu og falli eru undirstrikuðu orðin?

Antonio býr í litlu húsi.

Stelpan situr við tölvuna.

Krakkarnir lesa alla kaflana.

Strákarnir eru fjörugir.

Nafnorð hafa	
kyn	karlkyn kvenkyn hvorugkyn
tölu	eintölu fleirtölu
fall	nefnifall þolfall þágufall eignarfall

Lýsingarorð (lo.)

1. hefti
bls. 3

Lýsingarorð eru orð sem lýsa fólki, dýrum, hlutum og fyrirbærum. Við notum lýsingarorð þegar við tölum um **hvernig** fólk og hlutir eru.

Lýsingarorð beygjast í kyni, tölu og falli.



Þetta er Eric.
Hann er **skemmtilegur**.

Þetta er bolti.
Hann er **svartur** og **hvítur**.

Lýsingarorð fá sama kyn, tölu og fall og nafnorðið sem þau lýsa.



Skrifaðu þrjú orð sem lýsa bókinni þinni.

stór, þykk, þunn, lítil, rauð, skemmtileg, leiðinleg, ljót, ný, gömul


Töluorð (to.)

1. hefti
bls. 4

Orð fyrir tölur kallast töluorð.




Skrifaðu töluorðin með bókstöfum á línurnar.



Hvað kostar peysan? _____

Hvað kosta buxurnar? _____

Hvað kostar kjóllinn? _____



Sagnorð (so.)

1. hefti
bls. 4

Sagnorðin lýsa því sem fólk gerir.



Skrifaðu sagnorðin á línurnar.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?

Hvað ætlar þú að gera um helgina?

Hvað gerir kennari? _____ krökkum.

Hvað gerir strætóbílstjóri? _____ strætó.

Hvað gerir saumakona? _____ föt.

Hvað gerir bakari? _____ brauð og kökur.

Hvað gerir sjómaður? _____ fisk.

Hvað gerir leikkona? _____ í leikriti.



Kyn og tala

Nafnorð (no.)

Nafnorðunum er skipt í flokka eftir kyni og beygingarendingum.

Í 1. hefti lærðir þú um fimm beygingarflokka nafnorða.

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
	veik	sterk	veik	sterk	sterk
Eintala (et.)					
Nefnifall (nf.)	penni	strákur	stelpa	rós	blóm
með greini	penninn	strákurinn	stelpan	rósín	blómið
Fleirtala (ft.)					
Nefnifall (nf.)	pennar	strákar	stelpur	rósir	blóm
með greini	pennarnir	strákarnir	stelpurnar	rósirnar	blómin

Karlkyn (kk.)

Eintala	Fleirtala
hann	þeir

Nafnorðin **penni** og **strákur** eru karlkynsorð. Við segjum:

Þetta er penni. Hann er svartur.




Þetta er strákur. Hann er glaður.



Þetta eru pennar. Þeir eru svartir.



Þetta eru strákar. Þeir eru glaðir.

 Bættu greini aftan við orðin.

dúkur _____ fánar _____ frakki _____
kjallari _____ sokkar _____ póstur _____



Kvenkyn (kvk.)

Eintala	Fleirtala
hún	þær

Nafnorðin **stelpa** og **rós** eru kvenkynsorð. Við segjum:

Þetta er stelpa. Hún er lítil.




Þetta er rós. Hún er fálleg.



Þetta eru stelpur. Þær eru litlar.

Þetta eru rósir. Þær eru fallegar.

 Bættu greini aftan við orðin.


húð _____ reglur _____ gjöf _____
frænka _____ búðir _____ veislur _____

Hvorugkyn. (hk.)


Eintala það	Fleirtala þau
----------------	------------------

Nafnorðið **blóm** er hvorugkynsorð. Við segjum:

Þetta er blóm. Það er fallegt.   Þetta eru blóm. Þau eru falleg.


 Skrifðu orðin í fleirtölu á línurnar.






tár _____ glas _____ skip _____
pils _____ sjónvarp _____ egg _____




- a - í eintölu verður
- ö - í fleirtölu.
a → ö


Mundu!
Þú getur flett upp
í orðabók til að sjá
kyn nafnorða.

 Settu orðin í rétta poka.

Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
veik	sterk	veik	sterk	sterk
				

dós, dúfa, fáni, fluga, frost, indíáni, íbúð, konungur, kort, leyndarmál, munnur, skipstjóri, sól, vaskur, vika

 Hvað er hvar?



Pennarnir, _____
_____ eru í skúffunni.

Síminn, _____
_____ eru á borðinu.

Flaskan, _____
_____ eru á hillunni.

Lýsingarorð (lo.)

1. hefti
bls. 13 og 19 – 20

Lýsingarorð fær sama kyn og tölu og nafnorðið sem það stendur með.

kk.	kvk.	hk.
et. gulur bolti gulur dúkur	gul peysa gul rós	gult blóm
ft. gulir boltar gulir dúkar	gular peysur gular rósir	gul blóm



Á gólfinu er svartur bolti.

lo.	no.
kk. et.	kk. et.



Í skúffunni eru hvítar skyrtur.

lo.	no.
kvk. ft.	kvk. ft.



Í vasanum er gult blóm.

lo.	no.
hk. et.	hk. et.



Settu réttar beygingarendingar á lýsingarorðin.

Sólin er gul_____.

Dúfurnar eru hvít_____.

Hjólin eru ónýtt_____.

Fáninn er rauð_____ og hvít_____.

Grauturinn er heit_____.

Íbúðirnar eru falleg_____.

Kettlingarnir eru fjörug_____.

Draumurinn er skemmtileg_____.

Mundul
Nafnorðið ákveður
kyn og tölu
lýsingarorðsins.




Hvernig liður fólkinu?



Hann er_____.



Þau eru_____.



Þær eru_____.

Töluorð (to.)


1. hefti
bls. 13

Töluorðin **einn**, **tveir**, **þrír** og **fjórir** hafa kyn eins og lýsingarorðin. Önnur töluorð hafa ekki kyn.




Skrifaðu töluorðin með bókstöfum á línurnar.


karlkyn



kvenkyn



hvorugkyn



Fallbeyging reglulegra nafnorða

nf.	penni	penninn
þf.	penna	pennann
þgf.	penna	pennanum
ef.	penna	pennans
nf.	pennar	pennarnir
þf.	penna	pennana
þgf.	pennum	pennunum
ef.	penna	pennanna
nf.	hestur	hesturinn
þf.	hest	hestinn
þgf.	hesti	hestinum
ef.	hests	hestsins
nf.	hestar	hestarnir
þf.	hesta	hestana
þgf.	hestum	hestunum
ef.	hesta	hestanna
nf.	stelpa	stelpa
þf.	stelpu	stelpuna
þgf.	stelpu	stelpunni
ef.	stelpu	stelpunnar
nf.	stelpur	stelpurnar
þf.	stelpur	stelpurnar
þgf.	stelpum	stelpunum
ef.	stelpna	stelpnanna
nf.	rós	rósín
þf.	rós	rósina
þgf.	rós	rósinni
ef.	rósar	rósarinnar
nf.	rósir	rósirnar
þf.	rósir	rósirnar
þgf.	rósum	rósunum
ef.	rósa	rósanna
nf.	blóm	blómið
þf.	blóm	blómið
þgf.	blómi	blóminu
ef.	blóms	blómsins
nf.	blóm	blómin
þf.	blóm	blómin
þgf.	blómum	blómunum
ef.	blóma	blómanna

Í 1. hefti lærðir þú um fallbeygingu.
Þú lærðir um fjögur föll í íslensku:

1. hefti
5. kafl.

- nefnifall (nf.)
 - þolfall (þf.)
 - þágufall (þgf.)
 - eignarfall (ef.)
- í eintölu (et.) og fleirtölu (ft.) með og án greinis

Þú lærðir líka um fimm beygingarflokka nafnorða.

Veik karlkynsorð, orð eins og **penni** og **skóli**, hafa öll sömu beygingarendingar. Skoðaðu beygingarendingarnar í orðinu **penni** í töflunni hér til hliðar.

Stofninn í orðinu **penni** er *penn-*.

Mundu!
Stofn er orð mínus beygingarending.



Hver er stofninn í orðinu **skóli**?



Hvernig eru orðin **sími**, **strákur**, **peysa**, **dós** og **bref** í þágufalli fleirtölu án greinis?



Í hvaða beygingarflokki er orðið **hús**?

hús	hús
hús	hús
húsi	húsum
húss	húsa



Hver er stofn orðsins **blýantur**?

blýantur	blýantar
blýant	blýanta
blýanti	blýöntum
blýants	blýanta

Meira um fallbeygingu nafnorða

nf.	lampi	lampinn
þf.	lampa	lampann
þgf.	lampa	lampanum
ef.	lampa	lampans
nf.	lampar	lamparnir
þf.	lampa	lampana
þgf.	lömpum	lömpunum
ef.	lampa	lampanna
nf.	garður	garðurinn
þf.	garð	garðinn
þgf.	garði	garðinum
ef.	garðs	garðsins
nf.	garðar	garðarnir
þf.	garða	garðana
þgf.	görðum	görðunum
ef.	garða	garðanna
nf.	gata	gatan
þf.	götu	götuna
þgf.	götu	götunni
ef.	götu	götunnar
nf.	götur	göturnar
þf.	götur	göturnar
þgf.	götum	götunum
ef.	gatna	gatnanna
nf.	gjöf	gjöfin
þf.	gjöf	gjöfina
þgf.	gjöf	gjöfinni
ef.	gjafar	gjafarinnar
nf.	gjafir	gjafirnar
þf.	gjafir	gjafirnar
þgf.	gjöfum	gjöfunum
ef.	gjafa	gjafanna
nf.	barn	barnið
þf.	barn	barnið
þgf.	barni	barninu
ef.	barns	barnsins
nf.	börn	börnin
þf.	börn	börnin
þgf.	börnum	börnunum
ef.	barna	barnanna

Ef stofn nafnorða hefur - a - breytist það stundum í - ö -.

a → ö



Settu hring þar sem - a - hefur breyst í - ö -.



Skrifaðu réttu orðin á línurnar.

Siggi veiddi stóran _____ (þf.).



Outi er á bláu _____ (þgf.).



Krakkarnir borðuðu mikið af _____ (þgf.).


_____ (nf. með greini) býr í götunni minni.



Pósturinn fer með bréfið til _____



_____ (ef. með greini).



Skrifaðu orðin á línurnar.

hár, slaufa, pils, skóli, vinkona, hjól

Ása er 12 ára. Hún er með sítt og

dökkt _____ (þf.) og blá augu.

Hún er oftast með _____ (þf.) í hárinu.

Í dag er hún í grænu _____ (þgf.).

Ása er að fara í _____ (þf. með greini) með

Ekatarinu. Þær eru _____ (nf.).

Þær fara á _____ (þgf.) í skólann.

3. Í hvaða falli?

1. hefti
bls. 23

Þú hefur séð að nafnorð fallbeygjast, þau geta verið í nefnifalli, þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.

Hvernig vitum við hvenær orðið á að vera í nefnifalli eða einhverju öðru falli?

Frumlag eða andlag?

Við megum ekki ákveða sjálf í hvaða falli nafnorðin eru. Við getum til dæmis ekki notað þágufall bara af því að okkur finnst það fallett.

Við verðum að hugsa um alla setninguna til að skilja af hverju nafnorðin eru stundum í nefnifalli en stundum í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.

Frumlag er í nefnifalli.

Lítum á nokkrar setningar.

Strákurinn er ljóshærður.

frumlag
nefnifall

Strákurinn skrifar bréf.

frumlag
nefnifall

Strákurinn borðar fisk.

frumlag
nefnifall



Hér er verið að tala um hvernig strákurinn er og hvað strákurinn gerir.

Lítum á aðrar setningar.

Andlag er í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.



Mamma kyssir **strákinn** sinn.

andlag
þolfall

Mamma hjálpar **stráknum** sínum.

andlag
þágufall

Hér gerir strákurinn ekkert.

Eitthvað er gert fyrir strákinum eða við strákinum.

Sagnorð stjórna falli

Lestu um sagnorð
á bls. 3

Hvernig vitum við hvort andlagið á að vera í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli?
Hvað ákveður það?

Mamma

frumlag
nefnifall

kyssir

sagnorð

strákinn.

andlag
þolfall

Mörg sagnorð
stjórna falli.

Hér segjum við:

- Sagnorðið **kyssa** stjórna fallinu á andlaginu, orðinu strákur.
- Sagnorðið **kyssa** stjórna þolfalli.
- Þess vegna er orðið **strákur** í þolfalli, → **strákinn**.

Mamma kyssir → strákurinn (nf.)
strákinn (þf.)
stráknum (þgf.)
stráksins (ef.)



Strikaðu undir sagnorðin og andlög þeirra í setningunum.

Ming segir söguna.

Páll talar ensku.

Emil ryksugar stofuna.

Bakarinn bakar brauð.

Astrid spilar fótbolta.

Pabbi les dagblaðið.

Sagnorðið **kyssa**
stjórna þolfalli.

Lítum á aðra setningu.

Mamma

frumlag
nefnifall

hjálpur

sagnorð

stráknum.

andlag
þágufall



Hér segjum við:

- Sagnorðið **hjalpa** stjórna fallinu á andlaginu, orðinu strákur.
- Sagnorðið **hjalpa** stjórna þágufalli.
- Þess vegna er orðið **strákur** í þágufalli, → **stráknum**.

Mamma hjálpar → strákurinn (nf.)
strákinn (þf.)
stráknum (þgf.)
stráksins (ef.)



Hvaða falli stjórna sagnorðið borða?

Ég borða fisk. _____

Koichi borðar pylsuna. _____

Halldór borðar aldrei ost. _____

Ming borðar bananann. _____


Sagnorðið **hjalpa**
stjórna þágufalli.



Sagnorðin eru svolítið stjórnsöm.
Þau stjórna því í hvaða falli andlagið er.
Þau vilja ráða því hvernig andlagið lítur út.

Sagnorð stjórna sömu föllum allt sitt líf.
Þau fá fallstjórnina í vöggugjöf.
Sum sagnorð stjórna þolfalli,
önnur sagnorð stjórna þágufalli
og mjög fá sagnorð stjórna eignarfalli.



 Hvaða falli stjórna sagnorðin í setningunum?


Karen borðar fiskinn. _____ Jónas yddar blýantinn. _____
Liudmila lokar glugganum. _____ Kennarinn saknar unglingsins. _____

Nú veist þú að sagnorð stjórna falli.
Stundum veistu alveg hvaða falli sagnorð stjórna.
Þú veist kannski að þú átt að segja: Ég tala íslensku.

En þú veist kannski ekki af hverju þú átt að segja þetta svona.
Þú hefur það bara á tilfinningunni.

Þú hefur örugglega á tilfinningunni
hvaða falli mörg algeng sagnorð stjórna.



 Veistu hvernig þessar setningar eiga að vera?

Stelpan borðar + fiskurinn → Stelpan borðar fiskinn.
Olga kastar + boltinn → _____
Helle les + bókin → _____
Barnið drekkur + mjólkinn → _____
Krakkarnir skoða + blaðið → _____

VERKMENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI
KENNARAÉNTAK

Taktu vel eftir
sagnorðum og andlögum
þeirra þegar þú hlustar á
fólk eða lest bók.

Meira um sagnorð og föll

Merking sagnorðanna ákveður ekki hvaða falli þau stjórna. Þú lærir smám saman hvaða falli sagnorð stjórna.

Lítum á tvö sagnorð, **passa** og **gæta**.

Konan passar → barnið (nf.)
 Konan passar → barnið (pf.)
 Konan passar → barninu (þgf.)
 Konan gætir → barnsins (ef.)



Þú sérð að andlagið (barn) er ekki í sama falli í þessum setningum.

- Á eftir sagnorðinu **passa** er andlagið í þolfalli (barnið).
- Á eftir sagnorðinu **gæta** er andlagið í eignarfalli (barnsins).

Samt merkja setningarnar það sama.
 Merkingin ákveður ekki fallið.



Sagnorðin **aka** og **keyra** merkja það sama.
 Stjórna þau sömu föllum?

Katrín ekur rúttunni. Sagnorðið **aka** stjórna _____.

Katrín keyrir rúttuna. Sagnorðið **keyra** stjórna _____.

Æfingar



Hvað er fólkíð að gera?



Langflest sagnorð stjórna þolfalli eða þágufalli.







Hvers sakna þau mest?

Mjög fá sagnorð stjórna eignarfalli.



Sagnorðið sakna stjórna eignarfalli.



Búðu til eggjaköku!

A



B




C



D



E



F



A. Fyrst á að brjóta egg í skál.

B. Svo á að _____

C. _____

D. _____

E. _____

F. _____

Sagnorð: baka, brjóta, hella, hita, hræra, krydda, setja

Nafnorð: egg, olía, panna, skál, spaði, þeytari

Forsetningar

á í undir fyrir ofan fyrir neðan
við hliðina á á bak við fyrir framan


Forsetningar (fs.) eru smáorð sem beygjast ekki.
Forsetningar stjórna falli, eins og sagnorðin.
Á eftir forsetningum eru nafnorð í þolfalli,
þágufalli eða eignarfalli.

Í íslensku eru margar forsetningar.
Sumar forsetningar eru notaðar um tíma.

Hún kom fyrir viku.
Hann fer eftir tvo daga.

Margar forsetningar eru notaðar um stað.

Þær lýsa því hvar fólk og hlutir eru,
hvert einhver fer og
hvaðan einhver kemur.



Hvaðan ertu? _____


Hvert ætlar þú að fara í sumar? _____

Hvar ertu núna? _____

Í þessari bók lærir þú nokkrar algengar forsetningar.


Flestar forsetningar eru bara eitt orð eins og á, í og undir.

Fiskurinn er á disknum.
Mjólkin er í glasinu.
Kisa er undir borðinu.



Sumar forsetningar eru tvö eða þrjú orð.

Kisan er við hliðina á kassanum.
Boltinn er fyrir framan kassann.
Dúkkann er á bak við kassann.
Myndin er fyrir ofan kassann.
Kassinn er fyrir neðan myndina.



Forsetningar stjórna falli.

Forsetningar fallbeygjast ekki.



Kaffið er í bollanum (þgf.).



Forsetningar stjórna falli

 Strikaðu undir forsetningarnar í setningunum.

Spegillinn er fyrir ofan vaskinn. Glasið er á hillunni.
Tannburstinn er í glasinu. Ruslafatan er undir vaskinum.
Sápan er á vaskinum. Tannkremið er við hliðina á glasinu.
Handklæðið hangir á snaganum, við hliðina á vaskinum.



Þú hefur séð að nafnorðin á eftir forsetningunum eru í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.
Forsetningin stjórna fallinu á nafnorðinu.


 Hvaða falli stjórna forsetningarnar?

Kísan er við hliðina á kassanum. _____

Boltinn er fyrir framan kassann. _____

Dúkkjan er á bak við kassann. _____

Fáninn er í kassanum. _____



nf.	kassinn
þf.	kassann
þgf.	kassanum
ef.	kassans

Flestar forsetningar stjórna alltaf sama falli.

fyrir framan
á bak við
fyrir ofan
fyrir neðan

} stjórna alltaf þolfalli

við hliðina á
(beint) á móti

} stjórna alltaf þágufalli



Skrifaðu nafnorðin í réttu falli á línurnar.

Sófaborðið er fyrir framan sófann _____


Sjónvarpið er við hliðina á _____

Myndirnar eru fyrir ofan _____

Kísan er á bak við _____

Ofninn er fyrir neðan _____

Klukkan er við hliðina á _____



sófinn, bókahillan, geislaspilarinn,
gardínurnar, glugginn, myndirnar

Meira um forsetningar og föll

Forsetningarnar í, á og undir stjórna stundum þolfalli og stundum þágufalli.



Skoðaðu setningarnar. Hvaða falli stjórna forsetningarnar?

A
Lalli er í skólanum. _____

B
Lalli fer í skólann. _____

Sigga er á kaffihúsi. _____

Sigga fer á kaffihús. _____

Kisa er undir rúminu. _____

Kisa fer undir rúmið. _____


Þú sérð að setningarnar eru næstum því eins.

- Í A-setningunum eru nafnorðin sem koma á eftir forsetningunum alltaf í þágufalli.
- Í B-setningunum eru nafnorðin í þolfalli.

Það sem ákveður fallið er merking sagnorðsins:

A
Sagnorðið vera

Lalli er í skólanum.




B
Sagnorðið fara

Lalli fer í skólann.



Hvar eru músarnar?

á, í, undir
engin hreyfing → þágufall
hreyfing → þolfall



Það er mús á borðinu. Það er líka mús á bak við _____


4. Lýsingarorð og töluorð

1. hefti
bls. 19 – 20

Lýsingarorð laga sig að nafnorðum

Þú manst að lýsingarorðin eru sveigjanleg.
Þau fá sama kyn og tölu og nafnorðin sem þau standa með.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	gulur bolti	gul peysa	gult blóm
nf. ft.	gulir boltar	gular peysur	gul blóm



Lýsingarorð fallbeygjast eins og nafnorð.
Þau geta verið í nefnifalli, þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.
Lýsingarorðin fá sama fall og nafnorðin sem þau standa með.

Stelpan kastar bolta.

karlkyn eintala þágufall


Orðið **bolti** er andlag.
Andlagið er í þágufalli af því að sögnin **kasta** stjórnar þágufalli.

Ef við setjum lýsingarorð fyrir framan nafnorðið
þarf lýsingarorðið að hafa sama kyn, tölu og fall og nafnorðið.

Þess vegna veljum við
og segjum:

Stelpan kastar **gulum** bolta.

	lo. kk. et.	no. kk. et.
nf.	gulur	bolti
þf.	gulan	bolta
þgf.	gulum	bolta
ef.	guls	bolta



Þú veist að öll lýsingarorð geta haft þrjú kyn,
verið í eintölu eða fleirtölu og fjórum mismunandi föllum.



Reyndu að reikna út hvað eitt lýsingarorð getur haft mörg form. _____

lo. = lýsingarorð	kk. = karlkyn	et. = eintala	nf. = nefnifall
no. = nafnorð	kvk. = kvenkyn	ft. = fleirtala	þf. = þolfall
so. = sagnorð	hk. = hvorugkyn		þgf. = þágufall
to. = töluorð			ef. = eignarfall
fs. = forsetning			

Sterk beyging lýsingarorða



Settu málfræðiorðin sem vantar í töfluna.

Seinna lærir þú um veika beygingu lýsingarorða. Hún er notuð með nafnorðum með greini.

	karlkyn		
<u>nefnifall</u>	_____	_____	_____
	gulur diskur	gul rós	gult blóm
	_____	_____	_____
	gulan disk	gula rós	gult blóm
	_____	_____	_____
	gulum disk	gulri rós	gulu blómi
	_____	_____	_____
	guls disks	gulrar rósar	guls blóms
<u>fleirtala</u>	_____	_____	_____
	gulir diskar	gular rósir	gul blóm
	_____	_____	_____
	gula diska	gular rósir	gul blóm
	_____	_____	_____
	gulum diskum	gulum rósum	gulum blómum
	_____	_____	_____
	gulra diska	gulra rósa	gulra blóma



Þetta köllum við sterka beygingu lýsingarorða. Sterk beyging lýsingarorða er notuð með nafnorðum án greinis.



Finndu lýsingarorð og skrifaðu þau í réttu falli á línurnar.

vera í + þgf.

Mamma er í _____ pils og _____ blússu.

Pabbi er í _____ skyrtu og _____ jakka. Sigrún systir er í _____ peysu og _____ úlpu af því að hún er að fara út að leika sér.

kk.	et.	ft.	kvk.	et.	ft.	hk.	et.	ft.
nf.	latur	latir	nf.	löt	latar	nf.	latt	löt
þf.	latan	lata	þf.	lata	latar	þf.	latt	löt
þgf.	lötum	lötum	þgf.	latri	lötum	þgf.	lötu	lötum
ef.	lats	latra	ef.	latrar	latra	ef.	lats	latra



Ef lýsingarorðin hafa - a - í stofni breytist það stundum í - ö -. Þetta gerist líka í beygingu nafnorða. Líttu á blaðsíðu 8!



Settu hring þar sem - a - hefur breyst í - ö -. Þekkirðu fleiri svona lýsingarorð?


Karlkyn lýsingarorða

Lýsingarorð í karlkyni hafa átta form: Fjögur föll í eintölu og fleirtölu.

	lo.	no.	
et.		veik	sterk
nf.	gulur	bolti	diskur
þf.	gulan	bolta	disk
þgf.	gulum	bolta	diski
ef.	guls	bolta	disk
ft.			
nf.	gulir	boltar	diskar
þf.	gula	bolta	diska
þgf.	gulum	boltum	diskum
ef.	gulra	bolta	diska

Þú veist að nafnorð í karlkyni eru í tveimur flokkum.

Þau geta verið **veik** (orð eins og bolti) eða **sterk** (orð eins og diskur).



Taktu eftir!
Beygingarendingar
lýsingarorða eru öðruvísi en
beygingarendingar
nafnorða.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Strákurinn opnar stóran pakka. *þf. et.* Rænata talar við skemmtilegan strák. _____

Sigrún er í röndóttum sokkum. _____ Ming er með svarta vettlinga. _____

Mamma kaupir alltaf nýjan fisk. _____ Ég keypti frábæran geisladisk. _____

Ég á mjög góða nágretta. _____ Vladimir keypti fullt af svörtum boltum. _____

Kvenkyn lýsingarorða

Lýsingarorð í kvenkyni hafa átta form: Fjögur föll í eintölu og fleirtölu.

Þú veist að nafnorð í kvenkyni eru í tveimur flokkum. Þau geta verið **veik** (orð eins og peysa) eða **sterk** (orð eins og rós).



	lo.	no.	
et.		veik	sterk
nf.	gul	peysa	rós
þf.	gula	peysu	rós
þgf.	gulri	peysu	rós
ef.	gulrar	peysu	rósar
ft.			
nf.	gular	peysur	rósir
þf.	gular	peysur	rósir
þgf.	gulum	peysum	rósum
ef.	gulra	peysa	rósa



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Krakkarnir klappa svartri kisu. _____

Rasa er í fallegri úlpu. _____

Christian er með flotta húfu. _____

María er í rauðum buxum. _____

Wei á fallega peysu. _____

Nora hefur komið til margra stórra borga. _____

Hvorugkyn lýsingarorða

Lýsingarorð í hvorugkyni hafa átta form:
Fjögur föll í eintölu og fleirtölu.

	lo.	no.
et.		sterk
nf.	gult	blóm
þf.	gult	blóm
þgf.	gulu	blómi
ef.	guls	blóms
ft.		
nf.	gul	blóm
þf.	gul	blóm
þgf.	gulum	blómum
ef.	gulra	blóma



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Konan er í röndóttu pilsu.

Siggi hefur komið til margra landa.

Solfrid fær oft skemmtileg bréf.

Anna býr í gulu húsi.

Krakkarnir eru með dökkt hár.

Þetta er Eva. Hún er í stuttum kjól, flottri peysu og svörtum stígvélum. Hún er með fallega eyrnalokka og hvíta tösku.



Forsetningin með stjórnar þolfalli hér.




Þetta er Óli. Lýstu honum.

Sagnorðið kaupa stjórnar þolfalli.



Hvað kaupir Patrick?
Notaðu lýsingarorð með nafnorðunum.

Patrick kaupir



Töluorð laga sig að nafnorðum

Töluorðin **einn**, **tveir**, **þrír** og **fjórir** laga sig að nafnorðunum sem þau standa með, eins og lýsingarorðin. Þau fá sama kyn og nafnorðin.

Önnur töluorð, eins og **fimm**, **sex**, **sjö** og **svo framvegis**, breytast ekki. Þau eru alltaf eins.

kk.	kvk.	hk.
einn bolti	ein peysa	eitt blóm
tveir boltar	tvær peysur	tvö blóm
þrír boltar	þrjár peysur	þrjú blóm
fjórir boltar	fjórar peysur	fjögur blóm
fimm boltar	fimm peysur	fimm blóm


Töluorðin **einn**, **tveir**, **þrír** og **fjórir** fallbeygjast eins og nafnorð og lýsingarorð.

Þau geta verið í nefnifalli, þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.

Töluorðin fá sama fall og nafnorðin sem þau standa með.


Stelpan kastar boltum.

karlkyn fleirtala þágufall



Orðið bolti er **andlag**.

Andlagið er í þágufalli af því sögnin **kasta** stjórnar þágufalli.



Ef við setjum töluorð fyrir framan nafnorðið fær það sama kyn og fall og nafnorðið.

Þess vegna veljum við og segjum:

Stelpan kastar **tveimur** boltum.

	to.	no.
	kk.	kk. ft.
nf.	tveir	boltar
pf.	tvo	bolta
pgf.	tveimur	boltum
ef.	tveggja	bolta

Beyging töluorða


Nú veist þú að töluorðin **einn**, **tveir**, **þrjár** og **fjórir** geta haft þrjú kyn og verið í fjórum mismunandi föllum.

nf.	kk.	kvk.	hk.
þf.	einn bolti	ein peysa	eitt blóm
þgf.	einn bolta	eina peysu	eitt blóm
ef.	einum bolta	einni peysu	einu blómi
	eins bolta	einnar peysu	eins blóms


Skoðaðu beygingarnar. Veldu orð úr hverjum kassa og búðu til setningar.



nf.	kk.	kvk.	hk.
þf.	tveir boltar	tvær peysur	tvö blóm
þgf.	tvo bolta	tvær peysur	tvö blóm
ef.	tveimur boltum	tveimur peysum	tveimur blómum
	tveggja bolta	tveggja peysa	tveggja blóma



nf.	kk.	kvk.	hk.
þf.	þrjár boltar	þrjár peysur	þrjú blóm
þgf.	þrjá bolta	þrjár peysur	þrjú blóm
ef.	þremur boltum	þremur peysum	þremur blómum
	þriggja bolta	þriggja peysa	þriggja blóma



nf.	kk.	kvk.	hk.
þf.	fjórir boltar	fjórar peysur	fjögur blóm
þgf.	fjóra bolta	fjórar peysur	fjögur blóm
ef.	fjórum boltum	fjórum peysum	fjórum blómum
	fjögurra bolta	fjögurra peysa	fjögurra blóma



nf.	kk.	kvk.	hk.
þf.	fimm boltar	fimm peysur	fimm blóm
þgf.	fimm bolta	fimm peysur	fimm blóm
ef.	fimm boltum	fimm peysum	fimm blómum
	fimm bolta	fimm peysa	fimm blóma




Æfingar



Hvað er Signý með í töskunni?

Forsetningin með stjórnar þöfali hér.



Sagnorðið henda stjórnar þágufalli.



Alexander er að laga til í herberginu sínu. Hverju hendir hann?




Klukkan er þrjár mínútur yfir tvö.

kvk.

hk.



Hvað gerir Sara og klukkan hvað?









Æfingar

0 núll	11 ellefu	10 tíu	1000 eitt þúsund
1 einn	12 tólf	20 tuttugu	1000 000 ein milljón
2 tveir	13 þrettán	30 þrjátíu	
3 þrír	14 fjórtán	40 fjörutíu	
4 fjórir	15 fimmtán	50 fimmtíu	1000 000 000
5 fimm	16 sextán	60 sextíu	einn milljarður
6 sex	17 sautján	70 sjötíu	
7 sjö	18 átján	80 áttatíu	
8 átta	19 níttján	90 níutíu	
9 níu	20 tuttugu	100 eitt hundruð	

Ártöl eru í hvorugkyni.

874 1811 1902 1944

 Skrifðu ártölin á línurnar.

Ísland varð lýðveldi árið níttján hundruð fjörutíu og fjögur.


Fyrsti landnámsmaðurinn kom til Íslands árið _____

Jón Sigurðsson fæddist árið _____

Halldór Laxness fæddist árið _____

Hvaða ár ert þú fæddur/fædd? _____

Hvaða ár er núna? _____



Símanúmer eru í karlkyni.

 Skrifðu nöfn, símanúmer og heimilisföng vina þinna á línurnar.
Skrifðu tölurnar með bókstöfum.

Húsnúmer eru í hvorugkyni.

Nafn: _____

Sími: _____

Heima: _____

Nafn: _____

Sími: _____

Heima: _____

5. Persóna

Persónufornöfn

Í íslensku eru 3 persónur.

ég er 1. persóna (1. p.)

þú er 2. persóna (2. p.)

hann, hún, það er 3. persóna (3. p.)


Orðin **ég, þú, hann, hún** og **það** eru persónufornöfn.

Persónufornöfn (pfn.) eru auðvitað líka til í fleirtölu. Við getum ekki alltaf talað bara um eina persónu!

við er 1. persóna fleirtala (1. p. ft.)

þið er 2. persóna fleirtala (2. p. ft.)

þeir, þær, þau er 3. persóna fleirtala (3. p. ft.)



3. persónufornöfnin eru þrjú:

- **hann** í karlkyni
- **hún** í kvenkyni
- **það** í hvorugkyni

hann (kk. et.)	þeir (kk. ft.)
hún (kvk. et.)	þær (kvk. ft.)
það (hk. et.)	þau (hk. ft.)

Sjá bls. 4-5

Persónufornöfnin **hann, hún** og **það** eru ekki bara notuð til að tala um fólk. Við notum þau líka um hluti.




Hvað heitið þið?



Við erum vinkonur

Er hann bróðir Dísu?



Settu 3. persónufornafn í eyðurnar.

Þetta er Antti. _____ er sterkur.

Þetta eru blokkir. _____ eru háar.

Þetta er blóm. _____ er gult.

Þetta eru sokkar. _____ eru röndóttir.

Þetta er penni. _____ er góður.

Þetta eru stelpur. _____ eru duglegar.

Þetta eru þakkar. _____ eru skrautlegir.

Þetta er mynd. _____ er skemmtileg.

Þetta eru brauð. _____ eru ný.

Þetta er hestur. _____ er fallegur.

Fallbeyging persónufornafna

Persónufornöfn eru fallorð, þau beygjast í föllum. Þau geta verið í nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli. Beyging þeirra er mjög óregluleg.

Svona beygjast persónufornöfn í eintölu og fleirtölu.

eintala	1. p.	2. p.	3. p. kk.	3. p. kvk.	3. p. hk.
nf.	ég	þú	hann	hún	það
þf.	mig	þig	hann	hana	það
þgf.	mér	þér	honum	henni	því
ef.	mín	þín	hans	hennar	þess
fleirtala					
nf.	við	þið	þeir	þær	þau
þf.	okkur	ykkur	þá	þær	þau
þgf.	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim
ef.	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra

Mundu!
3. persónufornafnið
beygist í kyni.



Í hvaða persónu, tölu og falli eru persónufornöfnin?

Jón kemur til mín 1. p. et. ef. eftir skóla. Ég sagði honum _____

að koma klukkan þrjú. Hann _____ kom klukkan fjögur.

Susan var heima hjá mér _____. Við _____ fórum út í fótbolta.

Susan sagði: Þið _____ leyfið mér aldrei að vera með ykkur _____.



Settu 3. persónufornafn í staðinn fyrir nafnorð þar sem það passar betur.

Þetta er hestur. ^{Hann} Hesturinn er skjóttur. Hesturinn er úti í haga.

Guðrún á hestinn. Guðrún fer á hverjum degi og kembir hestinum.

Hesturinn á vin. Vinur hestsins er hryssa. Hryssan er grá.

Pabbi Guðrúnar á hryssuna. Hesturinn og hryssan leika sér saman.

Guðrún er að fara til hestsins og hryssunnar til að gefa hestinum og hryssunni brauð.

Sagnorð beygjast eftir persónum

Lestu um
sagnorð á
bls. 3.

Ég **borða** fisk. Þú **borðar** fisk. Hann **borðar** fisk.

Þú sérð að sagnorðið **borða** er ekki alltaf eins í setningunum.


- Þegar frumlagið er í 1. persónu fær sagnorðið endinguna **-a**, ég **borða**.
- Þegar frumlagið er í 2 persónu fær sagnorðið endinguna **-ar**, þú **borðar**.
- Þegar frumlagið er í 3. persónu fær sagnorðið endinguna **-ar**, hann **borðar**.

Sagnorðið fær mismunandi endingar eftir því hvaða persóna frumlagið er.

Skoðum nú persónuendingar sagnorðsins **borða** í eintölu og fleirtölu.

et.	1. p.	ég	borða
	2. p.	þú	borðar
	3. p.	hann/hún/það	borðar
ft.	1. p.	við	borðum
	2. p.	þið	borðið
	3. p.	þeir/þær/þau	borða

Mundu!
Stofn er orð mínus
beygingarending.



Svona beygjast mjög mörg regluleg sagnorð í íslensku.



Hver er stofn sagnorðsins **borða**? _____



Skoðaðu hvernig sagnorðin enda. Strikaðu undir endingarnar.

baka teiknum skrifið málar hjólum dansa
skoðið hjálpa byrjið saumum talar



Sagnorðin **skrifa**, **teikna**, **skoða** og **sauma** beygjast eins og **borða**.
Kláraðu töfluna.

et.	1. p.	ég	borða	skrifa			
	2. p.	þú	borðar	skrifar			
	3. p.	hann/hún/það	borðar				
ft.	1. p.	við	borðum				
	2. p.	þið	borðið				
	3. p.	þeir/þær/þau	borða				

Æfingar



Í hvaða persónu og tölu eru sagnorðin?

Þú hjálpar 2. p. et. stráknum.

Við dönsuð _____ saman.

Hann safnar _____ frímerkjum.

Þeir skoða _____ myndina.

Talið _____ þið íslensku?

Hún borgar _____ reikningana.

Þau teikna _____ myndir.

Ég skrifa _____ bréf.

Sagnorð sem hafa - a - í stofni fá - ö - í 1. persónu fleirtölu, eins og sagnorðið **tala**.

et.	1. p.	ég	tala
	2. p.	þú	talur
	3. p.	hann/hún/það	talur
ft.	1. p.	við	tölum
	2. p.	þið	talið
	3. p.	þeir/þær/þau	tala



Þekkirðu fleiri sagnorð með - a - í stofni? _____

Sagnorðin vera og heita

Sagnorðið **vera** hefur óreglulega beygingu.

Sagnorðið **heita** beygist öðruvísi en sagnorðin borða og tala.

Lærðu
beyginguna
utan að!

et.	1. p.	ég	er	heiti
	2. p.	þú	ert	heitir
	3. p.	hann/hún/það	er	heitir
ft.	1. p.	við	erum	heitum
	2. p.	þið	eruð	heitid
	3. p.	þeir/þær/þau	eru	heita



Settu sagnorðin **vera** og **heita** í réttum persónum í línurnar.

Jón er 15 ára. Bróðir hans _____ Tómas.

Jón og Tómas _____ góðir vinir. Þeir eiga tvær systur. Þær _____ Lilja og Fjóla.

Mamma þeirra og pabbi _____ María og Sigurður. Fjölskyldan _____ nýflutt.

Í nýju íbúðinni _____ fjögur svefnherbergi.

6. Nokkrar æfingar



Lýstu herberginu þínu.



Segðu frá fjölskyldunni þinni.





Dagbók. Lýstu venjulegum degi í lífi þínu.

Ég vakna alltaf klukkan



Á mynd A er allt eins og það á að vera. Á mynd B er búið að flytja átta hluti til. Hvar eiga hlutirnir að vera?



Síminn á að vera á kommóðunni en ekki á gólfinu.



Hvað ætlar Nína að taka með sér í ferðalagið?



Hún ætlar að fara með



Finndu kyn, tölu og fall undirstrikuðu orðanna.
Í hvaða orðaflokki eru þau?

Ég ætla að segja ykkur frá góðri vinkonu. Hún heitir Nína. Hún á heima í fallegu húsi. Nína er með dökkt hár. Hún er oftast glöð. Hún er eiginlega alltaf í gallabuxum og svörtum stígvélum. Henni finnst gaman að leika sér í fjörinni. Í gær fann hún mjög sérkennilegan krossfisk.

kyn tala fall orðflokkur

kyn tala fall orðflokkur

ég	_____	hár	_____
ykkur	_____	glöð	_____
góðri	_____	svörtum	_____
vinkonu	_____	stígvélum	_____
fallegu	_____	henni	_____
húsi	_____	fjörinni	_____
Nína	_____	sérkennilegan	_____
dökkt	_____	krossfisk	_____



Skrifaðu andlögin á línurnar. Orðin eru í kassanum.

Mamma bakar oft _____ á sunnudögum.

Tómas býður _____ í afmælið.

Sólveig heilsar _____ með handabandi.

Tatiana safnar _____ frá mörgum löndum.

Pabbi kaupir _____ handa mömmu.

Strákarnir eiga _____.

Ég þekki marga _____.

Jói pantar _____ fyrir afmælið sitt.

- pönnukaka
- við
- hann
- dúkka
- falleg, rós
- flottur, fótbolti
- skemmtilegur, krakki
- 4, pítsa



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin? Dragðu hring utan um orðið sem stjórnar fallinu.

Leggðu skyrtuna *þf.* á rúmið _____. Ég skal strauja hana _____.

Ólafur liggur í sófanum _____ inni í stofu _____ og er að lesa dagblaðið _____.

Kristján hringdi í vinkonu _____ sína og er búinn að tala við hana _____ í klukkutíma.

Sólveig tekur barnið _____ úr vöggunni og leyfir því _____ að leika sér á gólfinu _____.



Skrifaðu persónufornöfn á línurnar.



Hvað heitið þið _____? _____ heiti Anna og _____ heitir Stefan.

Hvaðan ert _____, Stefan? _____ er frá Póllandi.

Á hvaða tungumáli talið _____ saman?

_____ tölum alltaf íslensku í skólanum. Heima tölum _____ alltaf pólsku.



Skrifaðu töluorð með bókstöfum á línurnar.

Hvað þrjónar amma margar peysur? Hún þrjónar _____ peysu.

Hvað bakar pabbi mörg brauð? Hann bakar _____ brauð.


Hvað býður þú mörgum í afmælið þitt?

Ég ætla að bjóða _____ (24) krökkum.



Finndu kyn, tölu og fall undirstrikuðu orðanna.
Í hvaða orðflokki eru þau?

Ef þú vilt lesa meira er sagan
í bókinni *Sögusteinn* sem
Ragnheiður Gestsdóttir tók saman
og Námsgagnastofnun gaf út 2002.



Þegar Andinn mikli fékk þá hugmynd að skapa jörðina og mannfólkið ákvað hann að skapa jörðina fyrst.

– Ég ætla að búa mönnunum fallett heimili, sagði hann við sjálfan sig.

– Ég set fjöll og dali, skóga og sléttur á jörðina. Hún verður svo fögur og dásamleg að allir menn munu vilja lifa þar í friði.

Síðan þakti Andinn mikli jörðina með teppi af grænu grasi og stráði á það marglitum blómum.

Hann skapaði skógana og fyllti þá af alls konar dýrum og árnar og vötnin fyllti hann af fiskum. Svo hlóð hann upp stórum björgum og byggði himinhá fjöllin.

kyn tala fall orðflokkur

Andinn _____
hugmynd _____
jörðina _____
mannfólkið _____
ég _____
fjöll _____
sléttur _____
Hún _____
dásamleg _____
grænu _____

kyn tala fall orðflokkur

grasi _____
marglitum _____
blómum _____
þá _____
dýrum _____
vötnin _____
fiskum _____
stórum _____
björgum _____
fjöllin _____